

1870.

8. ágúst.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að fá lík til skurðar við læknakennsluna í Reykjavík.

Í bréfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem landlæknir, jústizrád Jón Hjaltalín, sækir um, að það leyfist, að lík dáiinna sveitarómaga og þeirra, sem kauplaust hafa fengið lækningameðöl, verði fengin í hendur lækni, og einkum læknunum við læknaskólann í Reykjavík, þegar þeir æskja þess, án þess þeir þurfi að leita samþykkis hjá aðstandendum hinna framliðnu, svo læknunum gefist færi á að opna þessi lík til að auka með því ment sína. Þótt nú þér, herra stiptamtmaður, viðurkennið, að það sé æskilegt, að nokkrar ráðstafanir verði gjörðar af hálfu hins opinbera, bæði til þess, sem getið var um, og til þess, að útvega lík til skurðar við læknakennsluna, þykist þér samt ekki geta mælt með því, sem sótt er um, er það að yðar álit komi í bága við þann mannúðar anda, sem sé í lögum landsins um fátækra málefni.

Eftir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við hið konunglega heilbrigðisráð um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðinu þykir sér eigi fært að veita þetta leyfi, sem sótt er um, en það verður að vera komið undir sækjandanum sjálfum, að bera upp mál þetta á alþingi, ef honum finnst ástæða til þess.

12. ágúst.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þjóðveg í Þistilfjarðar- og Langaneshreppum.

Eftir að stjórnarráðið 24. septbr. f. á. hafði leitað álits yðar, herra amtmaður, um bænarskrá, sem hingað er komin beina leið, frá hreppstjórunum í Þistilfjarðar- og Langaneshreppum í Þingeyjarsýslu um það, að stjórnarráðið hlutist til um, sumpart að amtmaður sem fyrst, samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 2. og 3. gr.,

1870.

12. ágúst.

kveði upp úrskurð sinn um þjóðvegu í tæðum hreppum, sumpart að þeir fái sanngjarnt endurgjald fyrir skylduverk þau, sem unnin eru frá þeim tíma, er nefnd tilskipun öðlaðist gildi, eða hér á eptir munu verða unnin, til þess að halda við þeim vegum, sem yrði álitnir þjóðvegir, hafið þér í bréfi, dagsettu 2. febrm. þ. á., getið þess, að það sè þegar 1. apríl 1864 búið að ákveða með bréfi til hlutadeiganda sýslumanns, hverja vegi í amtinu skuli álíta þjóðvegi, og að það sè vitaskuld, að margir sè þeir hreppar í amtinu, er enginn þjóðvegur liggi um; enn fremur segið þér, að yður hafi ekki fundizt ástæða til að úrskurða, að álíta skuli veginn um nefnda hreppa til verzlunarstadarins Þórshafnar sem þjóðveg, þó að nokkrir íbúar í tæðum hreppum að eins um stuttan tíma af sumrinu sæki verzlunarstaðinn, þar sem ennþá eru ekki reistar verzlunarbúðir í Þórshöfn, og umferðir þær, sem rísa hér af, sè aðeins litlar í sam-
anburði við umferðir um aðalbygðir amtsins, og að öllu samtöldu nemi ekki meiru en stuttum spotta báðumegin við verzlunarstaðinn.

Útaf þessa gefst yður til vitundar, yður sjálfum til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að eptir því, sem fram er komið, finnst stjórnarráðinu ekki vera nein ástæða til at gefa gaum að bænarskrá þessari.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 18. ágúst.

nörður- og austurumdæminu, um aðgjörð á Munka-
þverár kirkju.

Um leið og þér, herra amtmáður, með bréfi 31. maí þ. á., hafið sent hingað eptirrit af bænarskrá nokkurri til amtsins, ásamt fylgiskjölum, þar sem umboðsmaður vesturhluta Munkaþverár klausturs, Eggert Gunnarsson, sækir um leyfi til, að láta nokkrar lítilvægar aðgjörðir á Munkaþverár kirkju fram fara, en kostnaðurinn mun samkvæmt áætlun verða alls 26 rd. 18 sk., hafið þér leitað samþykkis stjórnarráðsins til þessa.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar